

Prenna

18.02.2025

Prenna er fyrirframgreidd farsímaáskrift sem býður upp á endalaus símtöl og SMS í alla farsíma og heimasíma á Íslandi, ásamt 10 eða 25 GB af gagnamagni. Allt ónotað gagnamagn safnast upp á milli mánaða, allt að 250 GB.

Hvernig skrái ég mig í Prennu?

Ef þú ert nú þegar með fyrirframgreidda áskrift hjá Símanum getur þú breytt henni í Prennu [áþjónustuvefnum](#) okkar eða í appinu.

Ef þú vil stofna nýtt símanúmer, færa símanúmer frá öðru fyrirtæki eða breyta úrftirágreiddri áskrift í Prennu skaltu hafa samband við þjónustuverið okkar.

Hvað er innifalið?

Með Prennu færðu endalaus símtöl og SMS í alla farsíma og heimasíma á Íslandi. Til að hringja eða senda SMS í erlend símanúmer eða gjaldskyld númer eins og upplýsingaveitur og símakosningar þarftu að kaupa inneign og notkunin er gjaldfærð samkvæmt [verðskrá](#).

Þegar þú kaupir Prennu getur þú valið um 10 GB eða 25 GB af gagnamagni á mánuði. Allt gagnamagnið í Prennu er safnamagn, sem þýðir að ónotað gagnamagn safnast upp á milli mánaða!



Hvað get ég átt mikið safnamagn?

Hámarkið á safnamagni samsvarar tífoldu mánaðarlega gagnamagninu þínu. 10 GB áskrift getur safnað upp í 100 GB og 25 GB áskrift í 250 GB.

Hvað ef ég klára gagnamagnið?

Ef þú klárar gagnamagnið þitt getur þú keypt meira gagnamagn [áþjónustuvefnum](#) eða í appinu okkar.

Get ég notað Prennu í útlöndum?

Þegar þú ferðast til landa innan EES getur þú notað Prennu eins og þú værir á Íslandi. Öll símtöl í íslenska farsíma og heimasíma eru innifalin og þú getur notað allt mánaðarlega gagnamagnið þitt þó þú sért erlendis.



Safnamagn á reiki

Athugaðu að þú getur ekki notað uppsafnað safnamagn í útlöndum.

Ferðalög til landa utan EES

Til að nota Prennu í löndum utan EES þarf þjónustan **Frelsi í útlöndum** að vera virk á símanúmerinu og notkunin verður gjaldfærð á reikningi í byrjun næsta mánaðar.

Ef þú ert 18 ára eða eldri er þjónustan sjálfkrafa virk. Ef þú ert undir 18 ára aldri getur þú virkjað [frelsi í útlöndum](#) á þjónustuvefnum eða í appinu, en þá þarf fullorðinn einstaklingur að gerast ábyrgðaraðili fyrir kostnaði vegna notkunar erlendis.

Það getur verið dýrt að nota símann á ferðalagi utan EES landa og við hvetjum þig til að kynna þér [verðskrána í þeim löndum sem þú ferðast til](#). Til að hjálpa þér að hafa hemil á kostnaði setjum við [þak á notkun erlendis](#) sendum þér reglulega SMS skilaboð um notkun og kostnað.



Hefur þú kynnt þér Ferðapakkan?

Ferðapakkin er frábær leið til að lágmarka kostnað á ferðalögum utan EES. Þú getur kynnt þér [Ferðapakkan á vefnum okkar](#).